

Lög

um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að varðveita menningarsögu íslensku þjóðarinnar, standa vörð um menningarsögulegar minjar hennar og tryggja skil á menningarverðmætum til annarra landa.

2. gr.

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, sbr. þó 3. gr., nema formlegt leyfi skv. 3. mgr. komi til:

- Forngripi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagsamtaka eða einstaklinga.
- Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
- a. Málverk og handgerðar myndir, aðrar en þær sem getið er um í b-lið 3. tölul. og 4. tölul., úr hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
b. Vatnslitamyndir, gvassmyndir og pastelmyndir gerðar í höndum að öllu leyti á hvaða efni sem er ef þær eru eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
- Mósaíkverk úr hvaða efni sem er og að öllu leyti handunnin, sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul., og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
- Frumeintök af stungum, þrykki, silkiprenti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggspjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
- Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
- Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur eða glerplötur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.
- Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
- Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
- Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.

11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasfræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömu-
leiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafræði eða
myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru upp í 1.–11. og 13.–14. tölul. 1. mgr. sker safnaráð úr, en Náttúrufræðistofnun Íslands ef 12. tölul. á við.

Safnaráð samkvæmt safnalögum veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem taldir eru upp í 1.–14. tölul. 1. mgr., þó þannig að Náttúrufræðistofnun Íslands veitir slíkt leyfi ef um er að ræða útflutning náttúrugripa skv. 4. mgr. 15. gr. laga nr. 60/1992. Ef um er að ræða muni eða gripi sem taldir eru upp í 8.–11. tölul. 1. mgr. skal safnaráð hafa samráð við Þjóðskjalasafn Íslands og Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi eftir því sem við á.

3. gr.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.100.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 3.800.000 kr. eða meira.

Ákvæði 2. gr. taka til menningarminja er falla undir a-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 11.500.000 kr. eða meira og b-lið 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 2.300.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst safnaráði.

4. gr.

Safnaráði er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 2. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá safnaráð stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

5. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar ef flutningurinn brýtur gegn:

- a. reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá ríki á svæðinu eða
- b. löggjöf þess ríkis sem menningarminjar eru fluttar frá.

Ákvæði þessarar greinar taka einnig til þess ef menningarminjar eru fluttar löglega til landsins en er ekki skilað á umsömdum tíma.

Menningarminjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis Evrópska efnahagssvæðisins skal skilað í samræmi við reglur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu um skil á menningarminjum sem fluttar hafa verið ólöglega frá yfirráðasvæði aðildarríkis. Finnist menningarminjar hér á landi sem safnaráð telur að rökstuddur grunur leiki á að fluttar hafi verið til landsins með ólöglegum hætti skal ráðið með sannanlegum hætti tilkynna hlutaðeigandi ríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins um fundinn. Telji valdbær stjórnvöld einhvers ríkjanna að minjarnar hafi verið fluttar frá yfirráðasvæði þess með ólöglegum hætti skal krafa þeirra um skil hafa borist safnaráði innan tveggja mánaða frá því að ráðið tilkynnti um fundinn. Berist krafa um skil ekki innan þess frests falla skyldur safnaráðs til varðveislu minjanna niður.

Ákvæði 5. og 6. mgr. þessarar greinar og ákvæði 6. gr., svo og ákvæði 7. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum samnings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög. Skil á menningarminjum samkvæmt ákvæði þessu hafa farið fram þegar menningarminjar hafa verið afhentar stjórnvöldum þess ríkis sem leggur fram beiðni um skil.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögumætum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til rétttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 3. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af valdbæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til safnaráðs sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 6. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 5. mgr., sbr. og 3. gr., skal miða við þann dag er íslenskum stjórnvöldum berst krafa um skil á minjum frá valdbærum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

6. gr.

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 5. og 6. mgr. 5. gr. í eigu eða vörslu manna héraðs er eigi vilja láta þær af hendi þegar safnaráð krefst þess, sbr. 5. og 7. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögumætum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina safnaráðs.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögumætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið kostnað af málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögumætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur safnaráð

milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggi fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dóm-sátt, getur safnaráð gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.

7. gr.

Safnaráð annast framkvæmd ákvæða þessara laga fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 2. gr. og jafnframt skv. 4. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfisskjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Safnaráð leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 3. gr., sbr. og 5. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 5. gr.

Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir safnaráð að gefa út leyfisbréf þar að lútan-di. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða laga þessara.

Við mat á gildi menningarverðmæta, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitæfni, skal safnaráð hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Safnaráð tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber ráðið fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögætum hætti, sbr. 2., 3. og 4. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Safnaráð skal hafa náíð samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal safnaráð leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lög-regluyfírvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfírvöld skulu tafarlaust tilkynna safnaráði um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögætann útflutning.

Safnaráði til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessara laga starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar.

8. gr.

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði laga þessara um skil á minjum sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

9. gr.

Hver sá sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum laga þessara á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

10. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum 2.–5. gr. laga þessara varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

12. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi ákvæði VI. kafla þjóðminjalaga, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 60/1996.

Samþykkt á Alþingi 20. maí 2001.